

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 21. nóvember 2013 stofnskrá Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 25. júní 2015.

F.h. safnaráðs,

Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ fyrir Náttúrufræðistofu Kópavogs.

1. gr.

Stofnunin heitir Náttúrufræðistofa Kópavogs og er eign Kópavogsbæjar.

2. gr.

Tekjur stofunnar eru fjárveitingar úr bæjarsjóði og aðrar tekjur eftir atvikum sem stofan hefur af útseldri vinnu og annarri gjaldhæfri þjónustu, auk styrkja frá opinberum aðilum. Allur arður af starfsemi rennur til stofunnar.

3. gr.

Náttúrufræðistofa Kópavogs starfar í samræmi við gildandi safnalög og fylgir siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

4. gr.

Aðalhlutverk Náttúrufræðistofu Kópavogs eru:

- a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknarstofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,
- b. að safna náttúrufræðilegum gögnum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti,
- c. að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,
- d. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,
- e. að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum, enda komi greiðsla fyrir.

5. gr.

Málefni Náttúrufræðistofu Kópavogs heyra undir lista- og menningarráð Kópavogsbæjar. Bæjarskrifstofur annast bókhald stofunnar og fjárreiður.

6. gr.

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar fer með stjórn Náttúrufræðistofunnar. Skal ráðið vinna að viðgangi hennar í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM), annast stefnumörkun, fjalla um fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag og starfsemi hennar.

7. gr.

Forstöðumaður er ráðinn samkvæmt reglum bæjarstjórnar Kópavogsbæjar um ráðningar starfsmanna. Hann annast allan daglegan rekstur stofunnar, gerir fjárhagsáætlanir, fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd ráðsins, ræður starfslið stofunnar og er í forsvari fyrir hana. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu.

8. gr.

Komi til þess að Náttúrufræðistofa Kópavogs verði lögð niður skal safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvísindasafn Íslands. Öðrum eignum skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.